

Ed.

588. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Fóstureyðing er heimil:

- a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
- b) Þegar ætla má, að barn, sem konan gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
- c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.
- d) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.